

Uppgjörstilkyning vegna fyrsta ársfjórðungs 2010

Afkoma á fyrsta ársfjórðungi

- + Heildarvelta var 16,3 milljarðar króna og jókst um 16% frá sama tímabili í fyrra.
- + EBITDA var 178 milljónir króna en var 58 milljónir króna á sama tímabili í fyrra.
- + EBIT var neikvæð um 1,2 milljarða króna en var neikvæð um 1,1 milljarð króna á sama tímabili í fyrra. Afskriftir voru 1,3 milljarðar, en voru 1,1 milljarður króna á sama tímabili í fyrra.
- + Fjármagnskostnaður var 736 milljónir króna samanborið við 555 milljónir króna á sama tímabili í fyrra.
- + Tap eftir skatta var 1,9 milljarðar króna en var 3,6 milljarðar króna á sama tímabili í fyrra. Tap af áframhaldandi starfsemi nam 1,5 milljarði króna á tímabilinu.
- + Handbært fé í lok fyrsta ársfjórðungs 2010 var 4,1 milljarðar króna, en var 1,9 milljarður í ársbyrjun.
- + Heildareignir námu 93,6 milljörðum í lok fyrsta ársfjórðungs 2010 og eiginfjárhlutfall var 14%.

Operational Highlights Q1 2010 and Q1 2009 (mISK)

	Q1 10	Q1 09
Operating Income.....	16,283	14,072
EBITDA.....	178	58
EBIT.....	-1,163	-1,085
EBT from continuing operations.....	-1,836	-1,622
Loss from continuing operations.....	-1,485	-1,383
Loss for the period.....	-1,885	-3,639
EBITDAR.....	2,179	1,851

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri:

„Heildartekjur félagsins aukast um 16% á milli ára sem sem er umfram framboðsaukningu á sama tímabili. Þrátt fyrir að heildartap félagsins nemi 1,8 milljörðum króna lækkar tapið um nálega 50% frá fyrra ári. Tap af áframhaldandi rekstri samstæðunnar nemur 1,5 milljörðum króna, EBITDA er 178 milljónir króna sem er umfram áætlanir fjórðungsins og EBITDAR nam 2,2 milljörðum króna. Í lok ársfjórðungsins er lausafjárstaða félagsins ásættanleg en samstæðan á um fjóra milljarða í handbæru fé sem hækkaði um ríflega 2,1 milljarð frá upphafi árs. Eigið fé samstæðunnar er 13 milljarðar í lok fyrsta ársfjórðungs og eiginfjárhlutfall nemur 14%. Áætlanir gera ráð fyrir að eiginfjárhlutfall muni styrkjast umtalsvert við fjárhagslega endurskipulagningu félagsins sem er á lokastigum.

Það er ljóst að samstæðan varð fyrir áfalli vegna takmarkana á flugumferð samhliða eldsumbrotum í Eyjafjallajökli. Starfsmenn félagsins brugðust hratt við takmörkunum á flugumferð og ég fullyrði að fá félög í heiminum hafi brugðist jafnfumlaust við breyttum aðstæðum og við gerðum í síðasta mánuði. Engu að síður liggur fyrir að félagið varð fyrir einhverju tekjutapi vegna þessa auk þess sem beinn útlagður kostnaður er nokkur. Nákvæm áhrif á rekstur liggja ekki fyrir en gera má ráð fyrir að þau séu á milli 1,0 – 1,5 milljarðar. Hins vegar ber að hafa í huga að eftirspurn jókst umtalsvert á fyrsta ársfjórðungi og framundan eru bestu mánuðir ársins í flugrekstri og þjónustu við ferðamenn. Við erum staðráðin í að nýta þá miklu athygli sem hefur beinst að Íslandi til framdráttar íslenskri ferðaþjónustu í heild sinni.“

Lykiltölur úr rekstri á fyrsta ársfjórðungi 2010

Eins og kemur fram í töflunni að neðan var **EBITDA** 0,2 milljarðar króna en var 0,6 milljarðar króna á sama tímabili árið á undan. **EBIT** var neikvæð um 1,2 milljarða króna en var neikvæð um 1,1 milljarð króna á sama tímabili árið á undan. **Tap** fjórðungsins eftir skatta nam 1,9 milljörðum króna, en var 3,6 milljarðar króna á sama tímabili 2009. **Tap** af áframhaldandi starfsemi nam 1,5 milljarði króna. **EBITDAR** var 2,2 milljarðar króna samanborið við 1,9 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi 2009.

Financial Highlights of Q1 2010 and Q1 2009			
	Q1 10	Q1 09	% Chg.
Transport revenue.....	8,702	7,132	22%
Aircraft and aircrew lease.....	4,844	4,655	4%
Other.....	2,737	2,285	20%
Operating Income.....	16,283	14,072	16%
Salaries and related expenses.....	4,503	4,236	6%
Aircraft fuel.....	2,671	1,981	35%
Aircraft and aircrew lease.....	2,850	2,678	6%
Aircraft servicing, handling and comm.....	1,134	960	18%
Aircraft maintenance.....	1,564	1,302	20%
Other.....	3,382	2,857	18%
EBITDA.....	178	58	208%
EBIT.....	-1,163	-1,085	-7%
EBT from continuing operations.....	-1,836	-1,622	-13%
Net Loss from continuing operations.....	-1,485	-1,383	-7%
Loss from discontinuing operations.....	-400	-2,256	82%
Loss for the year.....	-1,885	-3,639	48%
EBITDAR.....	2,179	1,851	18%

Heildartekjur voru 16,3 milljarðar króna miðað við 14,1 milljarð króna á sama tímabili í fyrra sem er 16% aukning á milli ára.

Heildarkostnaður án afskrifta var 16,1 milljarður króna en var 14,0 milljarðar króna á fyrsta ársfjórðungi 2009.

Flutningatekjur jukust um 1,6 milljarða króna milli fyrsta ársfjórðungs 2009 og 2010 eða um 22%.

Tekjur af leiguflogi jukust um 0,2 milljarða króna eða 4% í samanburði við fyrsta ársfjórðung 2009.

Aðrar tekjur hækkuðu um 0,5 milljarða króna eða um 20% frá fyrsta ársfjórðungi 2008.

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður hækkaði um 0,3 milljarða króna eða 6% í samanburði við fyrsta ársfjórðung 2009.

Eldsneytiskostnaður hækkar um 0,7 milljarða króna sem er 35% hækkun frá sama tíma í fyrra. Meðalverð heimsmarkaði á fyrsta ársfjórðungi 2009 var USD 455 á tonn en meðalverð á fyrsta ársfjórðungi 2010 var USD 688 á tonn, sem er 51% hækkun.

Flugvéla- og áhafnaleiga jókst um 0,2 milljarða króna á milli ársfjórðunga eða um 6%.

Afgreiðslu-, landingar- og yfirflugsgjöld hækkuðu um 174 milljónir króna á milli ára eða um 18%.

Viðhaldskostnaður jókst um 0,3 milljarða króna á milli ára eða um 20%.

Fjármagnsliðir á fyrsta ársfjórðungi 2010

Nettó fjármagnsgjöld voru 736 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2010 en voru 555 milljónir króna á sama tímabili í fyrra.

Gengishagnaður var 140 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2010, en var 383 milljónir króna á sama tíma í fyrra.

Net Finance Cost (mISK)			
	Q1 10	Q1 09	Diff.
Interest income.....	42	23	19
Interest expenses.....	-918	-1,039	121
Currency effect.....	140	383	-243
Loss / Gain from sale of derivatives.....	0	78	-78
Net finance cost.....	-736	-555	-181

Efnahagsreikningur

Balance Sheet (mISK)			
	31/3/10	31/12/09	Diff.
Operating Assets.....	30,734	27,014	3,720
Intangible assets.....	23,782	23,598	184
Investment in associates.....	611	545	66
Aircraft purchase prepayments.....	1,167	1,134	33
Long-term receivables	3,324	3,449	-125
Long-term cost.....	1,398	1,347	51
Cash and cash equivalents.....	4,054	1,909	2,145
Assets held for sale.....	13,413	17,500	-4,087
Other assets.....	15,100	12,608	2,492
Total assets.....	93,583	89,104	4,479
Stockholders equity.....	13,057	14,605	-1,548
Total non-current liabilities.....	19,126	19,618	-492
Liabilities held for sale.....	6,859	10,597	-3,738
Other liabilities.....	54,541	44,284	10,257
Total equity and liabilities.....	93,583	89,104	4,479
Equity ratio.....	14.0%	16.4%	
Current ratio.....	0.35	0.33	
Net interestbearing debt.....	42,645	41,227	

Eignir voru 93,6 milljarðar króna í lok fyrsta ársfjórðungs 2010 samanborið við 89,1 milljarð í lok árs 2009.

Eigið fé nam 13 milljörðum króna og eiginfjárhlutfall var 14% í lok tímabilsins

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á tímabilinu námu 260 milljónum króna.

Nettó vaxtaberandi skuldir námu 42,6 milljörðum króna samanborið við 41,2 milljarða í ársbyrjun.

Sjóðsstreymi

Statement of Cash Flow (mISK)		
	Q1 2010	Q1 2009
Working capital from (used in) operations.....	80	-1,769
Net cash from operating activities.....	3,967	281
Net cash used in investing activities.....	-690	-1,848
Net cash (used in) from financing activities.....	-1,161	472
Increase (Decrease) in cash and cash equivalents.....	2,116	-1,095
Effect of exchange rate fluctuations on cash held.....	29	-146
Cash and cash equivalents at 1 January.....	1,909	4,065
Cash and cash equivalents at 31 March.....	4,054	2,824

Veltufé frá rekstri var 80 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2010 samanborið við 1,8 milljarða króna veltufé til rekstrar á sama tímabili í fyrra. Sjóðstreymið er mun sterkara nú en í fyrra vegna þess að bókanir eru að koma fyrr inn.

Handbært fé frá rekstri á árinu var 4,0 milljarðar króna en var 0,3 milljarðar króna á sama tímabili 2009.

Handbært fé í lok tímabilsins er 4,1 milljarður króna en var 2,8 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.

Lykiltölur úr rekstri eftir ársfjórðungum

Financial Highlights by Quarters (mISK)					
	Q1 09	Q2 09	Q3 09	Q4 09	Q1 10
Transport revenue.....	7,132	11,631	18,507	9,869	8,702
Aircraft and aircrew lease.....	4,655	4,409	4,908	5,454	4,844
Other.....	2,285	3,471	5,128	2,873	2,737
Operating Income.....	14,072	19,511	28,543	18,196	16,283
Salaries and related expenses.....	4,236	4,758	4,764	4,893	4,503
Aircraft fuel.....	1,981	3,568	4,885	2,816	2,671
Aircraft and aircrew lease.....	2,678	2,971	3,442	3,706	2,850
Aircraft servicing, handling and navigation.....	960	1,586	2,100	1,236	1,134
Aircraft maintenance.....	1,302	1,553	1,870	2,100	1,564
Other.....	2,857	3,669	4,593	3,663	3,382
EBITDA.....	58	1,407	6,890	-219	178
EBIT.....	-1,085	123	5,386	-2,941	-1,163
EBT from continuing operations.....	-1,622	-1,009	3,995	-5,833	-1,836
Net Profit.....	-1,383	-850	3,374	-5,126	-1,485
Profit (Loss) from discontinuing operations.....	-2,256	-490	586	-4,520	-400
Profit/Loss for the period.....	-3,639	-1,340	3,961	-9,646	-1,885

Horfur í rekstri Icelandair Group

Í tilkynningu þann 19. apríl 2010 kom fram að takmarkanir á flugumferð vegna eldsumbrota í Eyjafjallajökli hefðu haft talsverð áhrif á rekstur samstæðunnar. Þar lagði fyrirtækið fram það mat að daglegur kostnaður vegna takmarkaðrar flugumferðar hafi numið um 100 milljónum króna. Icelandair

Group er enn að meta hver langtímaáhrif eldsumbrotanna eru en félagið hefur ekki endurskoðað fjárhagsspá sína fyrir árið 2010. Félagið lítur meðal annars til þess að tekjur á fyrsta ársfjórðungi jukust um meira en 16% frá fyrra ári auk þess sem félagið flutti skiptistöð sína til Glasgow og tókst þannig að lágmarka verulega tekjutap vegna takmarkaðrar flugumferðar. Hins vegar er það mat stjórnenda félagsins að ef gosórói verður viðvarandi með frekari röskun á flugumferð muni félagið hugsanlega endurskoða fjárhagsáætlun fyrir árið 2010.

Langtímahorfur í rekstri Icelandair Group eru góðar að mati stjórnenda félagsins. Fjárhagsleg endurskipulagning Icelandair Group mun draga umtalsvert úr stærð efnahagsreiknings félagsins og aðlaga betur endurgreiðslubyrði lána að greiðslugetu fyrirtækisins.

Stjórn félagsins hefur ákveðið að einfalda viðskiptalíkan félagsins. SmartLynx, Bluebird og Travel Service verða ekki hluti af kjarnastarfsemi Icelandair Group á árinu 2010 þar sem félögin verða seld frá samstæðunni.

Það er mat stjórnenda Icelandair Group að fyrirtækið sé vel í stakk búið til að sækja fram með áherslu á rekstur leiðarkerfis og alhliða þjónustu við ferðamenn.

Endurskoðun

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjors fyrsta ársfjórðungs 2010 var samþykktur á stjórnarfundi þann 5. maí 2010. Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins, KPMG Endurskoðun hf.

Stærstu hlutahafarnir í Icelandair Group

Nafn	Hlutir í %
Íslandsbanki hf.	46,98%
Landsbanki Íslands	23,83%
Sparisjóðabanki Íslands	9,36%
Alnus ehf.	3,30%
Icelandair Group hf.	2,55%
Glitnir Banki hf.	2,09%
Sigla ehf.	2,00%
Útboð og samningar ehf.	1,81%
Arkur ehf.	1,75%
N1 hf.	1,28

Fjárhagsdagatal 2010

Uppgjör annars ársfjórðungs - Vika 31, 2010

Uppgjör þriðja ársfjórðungs - Vika 44, 2010

Uppgjör fjórða ársfjórðungs - Vika 6, 2011

Frekari upplýsingar veita:

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455

Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801